


FLOKKSFÁNINN

FLOKKSFÁNINN

Flokksfáninn er sameiningartákn flokksins. Allir í floknum leggja hönd á bagga við gerð hans og finna þá að þeir eiga hlutdeild í honum. Að eyða tíma í að búa til flokksfána er ekki að eyða tímanum til einskis.


Flokksfáninn er alls ekkert við-hafnarprjál, sem er bara notað við hátiðleg tækifæri, heldur skal hann vera með floknum í öllu hans starfi, sveitar- og flokksfundum, útilegum og styttri ferðum. Hann þarf því að þola vind, sól og regn.

Flokksfána má gera á ýmsa vegu og eruð þið eflaust uppfull af hugmyndum um það, en ef þið lentið í vandræðum ættu teikningarnar að geta komið ykkur á sporið.



Ef þið notið leður í flaggið, býður það upp á ýmsar aðferðir við að teikna og skrifa á það, s.s. brenda með lóðbolta, tússa með vatnsekta tússlitum eða þrykkilitum, eða skera út með leðurskurðartækjum. Þið getið notað hvert eitt sér eða allt jöfnum höndum.

Ef þið notið léreft í flaggið, ætti að vera ykkar fyrsta verk að athuga hvort það gefi frá sér lit þegar það blotnar. Þær aðferðir sem þið getið notað til að vinna fánann eru m.a. að sauma út og þá gætuð þið t.d. fengið ykkur hnútaband, sem þið látið mynda flokksnafnið og saumið fast.



Í fánastöngina gætuð þið notað beina trjágrein eða kústskáft og væri heppileg lengd 160 cm. - 180 cm. Þið getið skreytt fánastöngina með ýmsum hætti t.d. skorið út í hana, málað o.fl.

Toppinn á fánastönginni getið þið líka notað t.d. með því að setja eitthvað á hann sem er einkennandi fyrir flokkinn. Refaflokkurinn myndi t.d. setja refaskott, Hreinarnir bút af hreindýrshorni, Hrútarnir hrútshorn o.s.frv.

Þegar þið eruð svo búin að gera fánann, farið þið á flokksstaðinn ykkar og vígið fánann við hátiðlega athöfn.